

Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartún 7b, 105 Reykjavík

Reykjavík, 12. desember 2024
UST202411-157/E.S.F.
10.05.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum – Matsskyldufyrirspurn - Hringvegur um Hornafjörð – aukin efnistaka úr Fjarðará

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 15. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdarlýsing

Í tengslum við framkvæmdir á Hringveg um Hornafjörð áformar Vegagerðin aukna efnistöku úr Fjarðará í Lóni, efnistökusvæðum E16 og E17. Þörf er á 20.000 m³ meira efni úr efnistökusvæðum við Fjarðará. Þegar hefur framkvæmdaleyfi verið gefið út fyrir 49.900 m³ úr námunum tveimur. Námur E16 og E17 eru á áreyrum Fjarðarár í Lóni, annars vegar ofan vegar og hins vegar neðan vegar.

Áhrif efnistöku á vatn

Í kaflanum Umhverfisáhrif er fjallað nokkuð ítarlega um áhrif á vatnshlot og vatnalíf. Vatnshlotin innan framkvæmdasvæðisins, straumvatnshlotið Fjarðará/Skarðdalsá (103-1053-R) og grunnvatnshlotið Austfirðir (102-292-G), eru nefnd og vitnað í Vatnaáætlun 2022-2027 varðandi umhverfismarkmið vatnshlotanna og hvaða gæðapætti eigi að skoða til að meta ástand vatnshlotanna. Einnig kemur fram að ekki séu þekktar upplýsingar um lífríki árinna og að ekki hafi farið fram rannsókn á viðkomandi stað.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að umhverfismarkmið vatnshlota eru lagalega bindandi og má ástandi vatnshlota aldrei hnigna frá því sem umhverfismarkmið þeirra segja til um, hvorki varanlega né tímabundið.

Samkvæmt markmiðum reglugerðar nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun skulu yfirborðsvatnshlot vera í mjög góðu eða góðu vistfræðilegu ástandi. Vistfræðilegt ástand byggir á líffræðilegum, vatnsformfræðilegum og eðlisefnafræðilegum gæðapáttum. Við efnistöku í ám geta orðið vatnsformfræðilegar breytingar og geta þær breytingar haft áhrif á líffræðilega og eðlisefnafræðilega gæðapætti. Ef vatnshlot ná ekki þeim umhverfismarkmiðum sem sett eru fyrir þau þarf að fara í aðgerðir til að gott ástand náist.

Áhrif á lífríki árinna

Umhverfisstofnun telur mjög jákvætt að leitað hafi verið eftir umsögn frá Hafrannsóknastofnun við fyrri efnistöku úr ánni. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að farið verði eftir ráðleggingum Hafrannsóknastofnunnar til að lágmarka áhrif á lífríki árinna.

Gróðurfar

Fyrirhuguð efnistaka mun að mestu leyti fara fram á lítt- eða ógrónum áreyrum, því er talið að efnistakan muni hafa óveruleg áhrif á gróðurfar.

Ásýnd

Fram kemur að efnistakan muni fela í sér rask á framkvæmdatíma. Frágangur námusvæðisins mun felast í því að jafna út alla bakka og slétta úr ójöfnum á svæðinu. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að standa að efnistöku úr ánni með skipulögðum og ábyrgum hætti til að lágmarka umhverfisáhrif.

Niðurstaða/Niðurlag

Að mati Umhverfisstofnunar mun fyrirhuguð framkvæmd ekki koma til með að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum skv. viðmiðum sem gefin eru upp í II viðauka laga nr. 111/2021 og sé því ekki matsskyld

Virðingarfyllst,

Edda Sigríður Freysteinsdóttir

sérfræðingur

Axel Benediktsson

sérfræðingur